



Á fund sem haldinn var í Gullsmára 13 með fulltrúum aldraðra mættu 16 manns. Skiptist hópurinn niður á tvö borð þar sem fjallað var um fjóra meginflokka aðalskipulagsins og Staðardagskrár 21, byggð og atvinnulíf, umhverfi, þjónustu og samfélag. Hér fyrir neðan eru teknar saman niðurstöður umræðna eftir málefnum:

Byggð og atvinnulíf

- Okkur skortir forsendur dagsins í dag til þess að geta komið með uppástungur til framtíðar.
- Alveg sama hvað við setjum á blað, því það veit enginn hvað gerist fyrr en Gunnar Birgisson kemur aftur.
- Fá raforku frá suðvesturlínunum og koma fyrir netþjónabúum við suðurlandsveg í sveitarfélaginu.
- Bærinn ætti að hjálpa við með nýsköpun og veita sprotafyrirtækjum fyrirgreiðslu t.d. með húsnæði.

Kópavogstúnið

- Kópavogstúnið er orðið mjög slæmt svæði. Kópavogstúnið, farið offari í byggðarþéttingu.
- Sunnuhlíðarsvæðið. Alls ekki meiri byggingar. Búið að troða þarna niður blokkum. Eyðileggja svæðið algerlega.
- Fjölsmiðjan á að vera á Kópavogstúninu og það á að stækka við hana þarna.
- Verið að flæma Fjölsmiðjuna í burtu. Vill sjá að Fjölsmiðjan væri endurbætt.
- Hér niðurfrá er Fjölsmiðjan í tengslum við strætó og miðbæinn. Fáránlegt að fara með hana þarna upp í sveit (það á að flytja Fjölsmiðjuna í Víkurhvarf).
- Sáum fyrir okkur þúttvelli á Sunnuhlíðarsvæðinu.
- Líknardeildin? Á að hafa hana þarna inni svona aðþrengda og í ónæði? Betra hefði verið að líknadeildin fengi að stækka og fá sitt svæði og kyrrð ekki að vera klesst ofan í byggðina í kring.
- Hælið, gömlu byggingarnar, á að rífa þær? Á að halda einhverjum hælisyggjum við? Við vitum það ekki.
- Safn- stofnun ætti að vera í gamla Holdsveikraspítalanum til að sýna hvernig fólk lifði.
- Hvar vilja skipulagsstjórar eyða síðustu dögnum, ef það á að rústa Hælinu og Líknardeildinni.

Kársnes

- Kársnes: Viljum ekki að á byggðum svæði fari fram alger karakterbreyting með þúsunda íbúa byggð bætt við gamla byggð.
- Vesturbærinn eins og hann er. Loka höfninni fyrir stórskipum, má vera smábátahöfn. Má ekki láta meiri keyrslu vera í gegnum hverfið.
- Vesturbærinn væri hluti af íslenskri menningu. Þess vegna má ekki breyta karakternum.

Skipulagsmál

- Fólk hefur misst traust á skipulagsyfirlöndum. Erfitt að ná samstöðu og samstarfi þegar fólk fyllist allt af tortryggni við hvert einasta mál. Eins og á Kópavogstúninu, með líknardeildina. Mér líður illa í dag þegar aðrir með sínum nánustu, í þessum hávaða og látum með byggingakrönum. Þarna var yndislegt svæði sem menn lofuðu í hástert. Hefur myndast vantraust milli skipulags og almennings.
- Heildarskipulag hefur verið í höndum verktaka. Verða verktakar fengnir til að skipuleggja svæði og koma með tillögur eða verður íbúum leyft að koma að skipulagi?
- Of mikið lagt upp úr hvað lóðir eru verðmætar. Menn tíma hvergi að hafa opin svæði.
- New York, London, það myndi enginn pólitikus þora að fara að breyta eða minnka Central Park. Þurfum stærri opin svæði.
- Viljum fá meira íbúalyðræði í Kópavoginum. Viljum að við fáum að ráða sjálf yfir hverfum okkar.

- Við höfum glatað okkar séríslensku menningu, en hún er að koma inn aftur. Þurfum að grafast fyrir um íslenska menningu í byggingastílum. Hús á t.d. Kársnesi eru aldrei lengi á sölu vegna þess að fólk sækir í að búa í rólegu umhverfi með karakter og stóra garða.
- Breytileiki í arkitektúr. Hús með risi, garðar, ekki allt kassar eins og nýi stíllinn er.
- Mér finnst að við eigum að hægja all verulega á okkur. Hundruð íbúða ónotaðar, mikið ónotað atvinnusvæði. Þarf að komast í gagnið. Sjáum hvernig þróunin verður. Fækkar eða fjölgar Íslendingum?. Liggja lágt í bili, en rækta garðinn, hugsa um litlu hlutina eins og er.
- Rífa ætti allar fjárgirðingar í Lækjarbotnalandi sem hindra útivistarmöguleika.

Miðbær

- Það er enginn miðbær. Hvergi til miðbær í Kópavogi. Menningarmiðbærinn er góður, hér á holtinu. Smáralindin er kannski viðskiptamiðbær.
- Hamraborgin, einu sinni voru hugmyndir frá Benjamín um að breyta í alvöru miðbæ. Hamraborgin er barn síns tíma. Var verið að leysa umferðarvandamálin í gegnum bæinn. Lagaðist mikið þegar byggt var yfir gjánna.
- Ekki setja óperuhúsið við listasafnið, nota frekar svæði fyrir mannlíf.
- Hreinsa trén úr Borgarholtinu, holtið þarf að njóta sín.
- Hálsatorg, átti að heita Hamratorg.
- Beiðni um að veggurinn verði brotinn niður, gerir ekkert nema loka útsýni yfir. Alltaf rokstrengur þarna. Má alveg taka þennan vegg niður.
- Stórt koparskilti í hellulögninni með Kópavogskvæðinu en það er vitlaust skrifað. Hringdi fyrir 2 árum, ætlum einmitt að laga þetta í vor var sagt en ekkert hefur gerst enn.
- Vantar þúttvelli. Á safnatúninu. Vegna óperuhússins fékkst hann ekki lagfærður. Betra fyrir bæinn að hafa fólk þarna úti.
- Hálsatorgið, hvað væri miklu skemmtilegra ef það væri líf þar. Gaman að hafa kaffihús meðfram sjónum.
- Innkeyrslan í Gjábakkann: Þeir sem koma að vestan koma inn í vinkil, hægribeygjan of þröng.
- Búið var að lofa að taka Hamraborgina í gegn og klára miðbæinn. Í Hamraborginni eru verslanir og öll þjónusta sem á þarf að halda og mikil íbúabyggð. Til er gömul tillaga um heildarfrágang á þessum stað með frágengnum göngustígum og fleira. Deiliskipulag hefur ekki verið klárað og því þarf að ljúka.
- Hamraborgin stendur hátt og oft rok og næðingur þar. Sólin nær ekki heldur yfir blokkirnar, þannig að ekki næst hlýleg stemning þar. Svæðið breyttist mikið til batnaðar þegar Hálsatorgið kom. Það er ekkert slæmt að hafa tvo miðbæi. Hamraborgin gegnir menningarlegu hlutverki og verslunarmiðbærinn verður í Smáranum.
- Brjóta ætti bogavegg (sviðið) þar sem engin not eru af sviði og veggur hindrar útsýni frá Gjábakka.

Atvinnusvæði

- Fólk þarf ekki að fara langt til þess að versla, það er nóg af verslunum í Kópavogi.
- Ekki turna en samt mikilvægt að halda áfram að þetta svæðið í kringum Smáralindina þannig að hún haldi áfram að dafna. Oft verða svona verslunarkjarnar úreltir með tíð og tíma.
- Varðandi nýsköpun í Kópavogi þá er ýmislegt í gangi og kreppan hjálpar bara til að koma minni fyrirtækjum í gang. Bærinn á að hjálpa þeim af stað með því að fella niður einhver gjöld.
- Vel væri hægt að taka streng/tengingu úr væntanlegri Suðvesturlínu inn á Kópavogssvæðið til þess að nýta í orkufreka framleiðslu. Líka í smáíðnað.
- Ísland er miðpunktur varðandi væntanleg netþjónabú og fleiri orkufrek fyrirtæki. Þetta þarf Kópavogur að nýta sér líka.

Háhýsi

- Glæðheimar. Ekki fleiri turna, ekki meiri byggð.
- Slæmt þegar há hús eru sett upp á hæð. Betra þegar þau eru niðri í dal.

- Ekki á að setja upp fleiri turna í Kópavogi. Nóg komið af þeim. Spurning hver sé réttur fólks þegar byggt er fyrir útsýni þeirra.

Byggingarsvæði – Frágangur

- Spurning hvað verður um grunninn við Krónuna. Þar er ekkert að gerast varðandi áframhaldandi byggingar. Mætti alveg ganga frá þessum grunni og tyrfa yfir þetta aftur. Þessir staðir eru hættulegir svona.

Umhverfið

- Fleiri bekkir með göngustígum meðfram ströndum og á fleiri stöðum. Ekki einn bekkur í dag við Elliðavatn.
- Almennar ruslatunnur við göngustíga, þurfa að vera fleiri.
- Útivistarsvæði sem mér er hugleikið. Guðmundarlundur. Allt of mikið skipulagt í kringum hann. Verður þetta gott útivistarsvæði eftir 20 ár? Of þröngt í kring.
- Á föstudagseftirmiðdögum er eins og allir borgarbúar flýji borgina sína. Miðað við hvað býr fátt fólk hérna, þá er þetta ótrúlegur fjöldi. Af hverju flýr fólk borgina sína? Er búið að rannsaka það?
- Miklu meiri hvíld í því að vera úti í sveit, komast út úr borginni.
- Það eru engin almennileg opin svæði hér í Kópavogi. Öll svæðin eru lítið og orðin aðþrengd af byggingum.
- Bæta við grænum svæðum, útivistarsvæðum og ekki þrengja að og ekki byggja meira.
- Grænu svæðin eru stór og góð, en ekki mikið notuð. Göngustígarnir eru góðir. Lýsing mætti vera meiri á þeim. Líka mætti setja fleiri bekkir meðfram göngustígunum.
- Ekkert hefur verið skemmt í Hlíðargarðinum eftir að hann var tekinn í gegn.
- Mikilvægt er að halda gamla Kópavogsbænum sem stendur neðan við Sunnuhlíð við. Einnig er mikilvægt að túnið neðan við bæinn fái áfram að verða grænt svæði.
- Gönguleiðin út á Kársnesið er mikið notuð.
- Vogatungusvæðið er einstaklega vel heppnað.
- Gera á Lækjarbotnalandið að útivistarsvæði í beinum tengslum við Heiðmörkina. Margt fólk er farið að nýta sér þetta svæði fyrir göngu og einnig er þar mikil trjárækt.
- Lækjarbotnalandið á ekki að verða byggingarland.
- Væri gott að fá settan upp vindmæli í Kópavogi og jafnvel að hægt væri að sjá upplýsingar um vindhraða á heimasíðu bæjarins.

Elliðavatn

- Elliðavatn: 99 % af fólki sem býr hérna, vill vernda Vatnsbakkann lágmark 50 metra (100-200metrar segir annar). Að börn og aðrir íbúar hafi vatnsbakkann sem leiksvæði. Að blandaða starfsemin í ferðaþjónustu og landbúnaði sem er þarna fái að vera þarna.
- Viljum geta haft frjálsan aðgang að vatninu og börn og barnabörn okkar.
- Borð og stóla t.d. við Sjálfsbjargar húsið, en engar byggingar, engin veitingahús.
- Skolpleiðslan við Elliðahvammsveg er 1 metri að þvermáli. Af hverju er hún svona stór? Er það af því að það er búið að skipuleggja svona mörg svæði með miklum mannfjölda þarna fyrir ofan?
- Kópavogur er ekki að vernda Elliðavatnið, en Reykjavík er að vernda vatnið.
- Elliðavatnið, of mikið byggt við vatnið. Of nálægt, þar eiga að vera minnst 50 metrar í lóð.
- Sem Vatnsendabúi: fyrir alla þá sem ganga meðfram Elliðavatninu þá vantar bekkir, skyli (þak) til að setjast undir. Spurning um það sem tilheyrir Reykjavíkurmegin. Þar er allt í góðu, en ekki Kópavogsmegin.

Umhverfismál

- Stöndum vel í loftlagsmálum með hitaveituna okkar o.fl.
- Það eru fáir á bílum í Gullsmára og fara flestir mikið gangandi. Ef fólk þarf að fara eitthvað lengra væri sniðugt ef það gæti sameinast í bíla.

- Varast þarf áhrifin af virkjunum á Helligheidiðinni – Er ekki farið full geyst þar – vitum við hver langtímaáhrifin eru af gufumenguninni?

Þjónustukerfið

Samgöngur

- Of margar hraðahindranir á Hlíðaveginum.
- Vantar hraðahindrun í Þverbrekku.
- Loka Salarvegi nema fyrir strætó.
- Ekki setja stoppistöðvar við gangbrautir.
- Akstursleiðir eru ekki vel skipulagðar eins og er í dag. Arnarnesveginn vantar og of mikil umferð fer í gegnum íbúðarhverfin.
- Til þess að bæta samgöngur milli hverfa mætti setja brú frá Ársölum og yfir að Lindakirkjunni. Þá þarf fólk ekki að ganga yfir Fífuhammsveginn við hringtorgið sem er hættulegt vegna umferðarhraða þar.
- Salaveginn þyrfti að loka við Jórsali. Það er of mikil umferð í gegnum þetta íbúðahverfi.
- Úr austurbæ Reykjavíkur er auðvelt að komast inn í Smárahverfið. Mun erfiðara er að komast úr vesturhluta Reykjavíkur yfir í Kópavog.
- Aðkoman að heilsugæslunni við Smáralindina er afskaplega slæm. Það eru dæmi um það að fólk í Gullsmára treysti sér ekki til að fara gangandi þangað og panti þ.a.l. frekar bíl til að komast þangað.
- Samgönguráðherra á ekki að komast upp með að taka Arnarnesveg út af dagskrá.
- Hugsanlega mætti samnota bíla fyrir hópa eldri borgara.

Almenningssamgöngur

- Stætisvagnar, kunnum ekki á þá og of sjaldan ferðir.
- Engin Strætó skýli eru við Vatnsendaveg en þar er oft rok og rigning og fólk verður rennandi blautt að bíða eftir strætó. Einn bekkur við strætóstoppistöð. Ekki mikið verið að hlúa að þessu.
- Samgöngur, götur rétt anna umferðinni, ef stórar breytingar eiga sér stað mun það springa.
- Staðsetning á strætisvagnastöðinni við bókasafnið og Hálsatorgið er ekki vel heppnuð. Oft slæmar strætisvagnatengingar yfir í Reykjavík.

Stígar

- Í Smáranum er komin tengsl yfir í Bæjarlindina atvinnulega- og verslunarlega séð. Það þarf samt að koma á betri tengingu milli þessarar staða, sérstaklega fyrir gangandi vegfarendur. Vantar betri og þéttari lýsingu á göngustígum td. í Kópavogsdal.
- Lýsingu vantar hjá göngustíg (í vegg) í nágrenni Heilsugæsluna Hvamm.
- Það vantar göngusvæði í miðbæ Smáralindar.

Samfélagið

Félagsmál

- Bærinn mætti gefa meiri afslátt af fasteignagjöldum fyrir eldri borgara. Fasteignamatið hefur rokið upp síðustu árin. Það þarf að laga töfluna sem unnið er eftir og gefa meiri afslátt á þau.

Aðstaða til félagsstarfs

- Ef að félag aldraðra og ætlar að halda árs hátíð og vill fá alla félagsmenn sína saman þá er ekki hægt. Í Kópavogi er ekki til salur sem rúmar 2-300 manns en er ekki íþróttasalur. Kópavogur á ekkert almennilegt samkomuhús. Eyndarlegt.
- Aðstaðan í Gullsmára er til fyrirmyndar. Boðapingið er framtíðin. Þjónustuíbúðirnar í Boðapínginu, verður áhugavert að heyra hver leigan verður þar sbr. há leiga hjá Reykjavík.

- Gott samstarf er við bæinn í félagsmálum. Tvær félagsmiðstöðvar nú þegar komnar í Gjábakka og Gullsmára þriðja miðstöðin er að koma upp í Þingum.

Íþróttir og tómstundir

- Félag eldri borgara er með mjög öflugt starf.
- Fífan og Smárinn eru frábært dæmi um góða aðstöðu. Hægt er að ganga í Fífanni á morgnana og mjög margir eldri borgara nýta sér þetta. Breiðablik býður upp á íþróttaklúbb fyrir okkur öldungana sem er alltaf að stækka og verða vinsælli. Fólk allt upp í 90 ára er að stunda þar æfingar.
- Þúttsvæðin eru vel notuð. Það vantar þó samstarf um betri þjónustu um reksturinn við þúttvöllumum.
- Það er mikil ánægja með félags- og íþróttamálin í Kópavogi
- Flott íþróttaaðstaða í Kópavoginum.
- Laga þúttsvæðið við Listasafnið

Skólamál

- Fólk er almennt ánægt með grunnskólana og leikskólana í bænum

Menningarmál

- Salurinn er frábær og bókasafnið okkar er mjög gott.
- Fólk er almennt ánægt með grunnskólana og leikskólana í bænum

Kirkjan og trúmál

- KEFAS Fríkirkjan það hefur ræst vel úr því. Mikið notuð í kórastarfsemi og annað.
- Kirkjugarðurinn við Lindakirkju er fallegur og skemmtilegur.
- Geysimikið starf er í öllum kirkjum bæjarins.
- Það er ekki gott að byggja kirkju við kirkjugarðinn eins og gert var upp í Sölum. Kirkjan virkar þá eins og einhver útfarastofnun.
- Það má merkja betur innkeyrsluna fyrir Digraneskirkjuna og einnig má bæta lýsinguna á göngustígnum neðan við kirkjuna

Stjórnkerfi

- Allt sem við höfum verið að tala um í gegnum árin hefur tekið fleiri ár að koma því í gegn t.d. að fá bekk við Gullsmára. Hálsa, það sést aldrei saltbíl, sandbíl eða neinn herna til að varna hálkunni.
- Virðist afskaplega mikið hugsað um smápeningana.
- Hringdi út af kvæðinu á Hálsatorgi en ekkert hefur gerst.
- Hringt út af innkeyrslunni að Gjábakka en ekkert gerist.
- Sendi bréf til bæjarverkfræðings, en fékk aldrei svar, það var út af hávaðamengun.